




Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Reykjavík, 6. október 2014
2014090015
90.20.1

Borgarráð
b.t. Helgu Bjarkar Laxdal
Ráðhúsið
101 Reykjavík

Umsögn vegna stefnu í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri

Stefnan sem nær til ungs fólks 16 ára og eldri, er mjög víðtæk. Hópurinn sem vann hana tók ákvörðun um að aðgerðabinda ekki áherslur eins og gert var ráð fyrir í erindisbréfi en tengja stefnuna við starfsáætlanir á sviðum borgarinnar og tengja sameiginlega þætti sem eiga við borgina í heild. Sérstök áhersla er lögð á þróun úrræða í nærumhverfi ungs fólk og hlutverk hverfapjónustu undirstrikað og sérstök áhersla er lögð á samráð við ungt fólk sem er mjög jákvætt.

Tekið er fram í inngangi að um sé að ræða langtímaáætlun.

Umfiðllun um þá þætti sem skipta máli til að stuðla að framgangi ungs fólks og heilbrigðum lífsháttum er gerð góð skil og í hverjum kafla er áherslum borgarinnar getið. Þar er um mikla skörun að ræða sem kallar á víðtækt samráð og samstarf milli fagsviða, við ríkið og fleiri aðila.

Í kaflanum um innleiðingu og eftirfylgni kemur fram að allir sviðsstjórar beri ábyrgð á innleiðingu og aðgerðaráætlanir séu tengdar við starfsáætlanir eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir samráði um þá þætti stefnunnar sem ganga þvert á svið borgarinnar og tilgreind eru sérstaklega afmörkuð verkefni s.s. styrkveitingar, rannsóknir og kynningu á ákvörðunum sem varða ungt fólk sérstaklega og mat á framlagi þess til samfélagsins.

Tekið er fram hvernig aðrar stefnur borgarinnar tengjast þessari stefnu og tilvísanir um hvaða stefnu ræðir enda skörun mikil og mikilvægt að skoða m.t.t. framkvæmdar og við gerð aðgerðaáætlana.

Stefnunni er ætlað að ná ákveðnum markmiðum og veita yfirsýn yfir aðstæður ungs fólks. Ekki kemur fram hvernig mat á árangri skuli háttáð eða hvernig fylgt verður eftir að sviðin vinni í samræmi við stefnuna eða hver geti kallað eftir aðgerðaráætlunum. Huga mætti að hvort ekki sé nauðsynlegt að skapaður verði vettvangur til slíkrar vinnu og skilgreina hver skuli bera ábyrgð á því.

Það er jákvætt að áhugi sé fyrir að vinna gegn fjölgun ungs fólk sem þiggur framfærsluaðstoð Reykjavíkurborgar og mikilvægt að hafa þverfaglegt samstarf um hvernig hægt er að vinna að því. Sveigjanleiki og fjölbreytileiki í námi skiptir þar miklu máli sem og samstarf starfs- og námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Eins og segir í skýrslunni þarf borgin að leggja áherslu á fjölbreytt og óhefðbundið nám.

Í samræmi við hlutverk hópsins um að skilgreina hlutverk borgarinnar í málefnum ungs fólks, hefði verið gott að greina þá lögbundnu þjónustu sem borgin þarf að veita m.a. út frá verkaskiptingu ríkis og borgar. Ennfremur að fram hefði farið kortlagning á þeirri þjónustu sem er í boði fyrir umræddan markhóp, sem hefði verið gott, sérstaklega m.t.t. þess að

skoða hvar þarf að bæta í og hvar skóinn kreppir út frá hlutverki borgarinnar.

Stefna í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri er víðtæk og almenn, hún er góður leiðarvísir í vinnu með ungu fólki. Stefnan er í samræmi við áherslur Forvarnastefnu borgarinnar um aukna áherslu á vinnu með 16 ára og eldri

Virðingarfyllt



Kristjana Gunnarsdóttir
skrifstofustjóri, skrifstofu ráðgjafarþjónustu